

STJÓRNARTÍÐINDI B 106 – 1995

28. nóvember 1995

1521

Nr. 587

REGLUGERÐ

um afnám reglugerðar nr. 484/1995, um bann við rækjuveiðum á Skjálfanda.

1. gr.

Frá og með 29. nóvember 1995 er felld úr gildi reglugerð nr. 484, 15. september 1995, um bann við rækjuveiðum á Skjálfanda.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytið, 28. nóvember 1995.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

27. nóvember 1995

Nr. 588

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 406, 20. júlí 1995,
um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 1995/1996.

1. gr.

5. tl. 3. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

5. Innfjarðarrækja samtals	10.050	lestir
þ.a. Eldey	1.500	lestir
þ.a. Arnarfjörður.....	550	lestir
þ.a. Ísafjarðardjúp.....	2.700	lestir
þ.a. Húnaflói.....	2.500	lestir
þ.a. Skagafjörður	1.000	lestir
þ.a. Skjálfandi	700	lestir
þ.a. Öxarfjörður.....	1.100	lestir

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, öðlast þegar gildi. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 198, 3. apríl 1995, um bann við rækjuveiðum á Skötufirði og innanverðu Ísafjarðardjúpi.

Sjávarútvegsráðuneytið, 27. nóvember 1995.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

Gutenberg